



Leiðrétt eintak.

Stjórn SSH 341. fundur

Föstudaginn 9. október 2009 kl.08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Lúðvík Geirsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Pálmi Másson.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlanir fyrir 2010.

Farið var yfir stöðu við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir komandi ár, fyrirliðgjafi forsendur um þróun tekna og gjalda og hvernig sveitarfélögin hyggjast mæta fyrirsjáanlegum tekjusamdrætti. Rætt var um yfirferð með fjármálastjórum sveitarfélaganna og fræðslustjóra og forstöðumönnum fræðslu- og menningarsviða.

Niðurstaða:

Ljóst er að sveitarfélögin þurfa að mæta jafn stórum vanda við að ná saman fjárhagsáætlum fyrir 2010 og gildi við verð fjárhagsáætlana fyrir þetta ár. Sömuleiðis liggur fyrir að svigrúm til að mæta þessum vanda er minna nú sökum þeirra aðgerða sem gripið var til fyrir ári síðan.

Þörfin fyrir samræmingu og samstarf sveitarfélaganna er því ekki síðri nú en í fyrra, og ljóst að þau þurfa að stilla saman strengi eins og kostur er í þessari vinnu.

Áfram verður fjallað um fjárhagsáætlunavinnuna á vettvangi stjórnar SSH á næstu fundum, og áfram verður fundað með forsvarsmönnum helstu sviða og með forsvarsmönnum byggðasamlaganna.

Samþykkt var að óskað verði sem fyrst eftir fundi með manntamálaráðherra til viðræðna um framkvæmd kennsluskyldu o.fl. sem snýr að reglum ráðuneytisins með það að markmiði að leita leiða til að ná fram kostnaðarlækkunum.

2. Gjaldtaka vegna notkunar nagladekkja

Lögð fram útskrift frá fundi Umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar frá 25. ágúst sl. um gjaldtökuheimild v. notkunar nagladekkja þar sem samþykkt var beina því til borgarstjóra að taka málið up á vettvangi SSH.

-Frestað



3. Gerð sóknaráætlunar 20/20 fyrir Ísland.

Kynntar voru hugmyndir að skiptingu Íslands í svæði í tengslum við gerð sóknaráætlunar fyrir Ísland, og hugmyndir um aðkomu landshlutasamtaka sveitarfélaga að gerð áætlunarinnar.

4. Önnur mál:

a) Erindi Skógræktarfélags Íslands vegna „Græna stígsins“

Stjórn SSH er jákvæð fyrir verkefninu, en bendir á að óvissa ríkir um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga um þessar mundir og ljóst að lækka þarf kostnað og áréttar að það er síðan ákvörðunaratriði hvers einstaks sveitarfélags með hvaða hætti það kemur til samstarfs við félagið að framkvæmd og útfærslu málsins.

Varðandi afstöðu SSH til formlegrar stöðu Græna stígsins í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vísar stjórnin til fyrri afstöðu sem kemur fram í fundargerð stjórnar frá 333. fundi, 30. mars sl um að samvinnunefnd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins taki málið til skoðunar samhliða endurskoðun svæðisskipulagsins.

b) Fjölsmiðjan – húsnæðismál.

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu mála vegna stöðu og úrvinnslu samninga um nýtt húsnæði fyrir Fjölsmiðjuna að Víkurhvarfi 2 í Kópavogi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:40